

**Verðtaxtar auglýsinga í útvarpi:**

Alls staðar er miðað við krónur fyrir hvert orð.

**Flokkur 1**

Dánartilkynningar og jarðarfarir, messur. Tapað — fundið.  
Góðgerðarstarfsemi ..... kr. 300.—

**Flokkur 2**

Opinberar tilkynningar, auglýsingar um fundahöld. Kvik-  
mynda- og leiksýningar. Auglýsingar um verslun og við-  
skipti, sem lesnar eru kl. 9.30 og kl. 16.00 ..... kr. 470.—

**Flokkur 3**

Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar fyrir og eftir  
hádegisfréttir og fyrir kvöldfréttir ..... kr. 550.—

**Flokkur 4**

Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar  
eftir kvöldfréttir ..... kr. 1 100.—

**Verðtaxtar auglýsinga í sjónvarpi:**

		<b>frá 1.10. 79</b>
7 sek.	.....	kr. 36 300
10 —	.....	— 56 300
15 —	.....	— 70 400
20 —	.....	— 87 700
25 —	.....	— 98 600
30 —	.....	— 110 000
35 —	.....	— 130 000
40 —	.....	— 140 000
45 —	.....	— 150 000
50 —	.....	— 166 700
55 —	.....	— 183 300
60 —	.....	— 200 000

*Menntamálaráðuneytið, 29. nóvember 1979.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Sigríður Thorlacius.*

**S A M Þ Y K K T****um sorphreinsun í Reyðarfjarðarhreppi.****1. gr.**

Reyðarfjarðarhreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupþúsins. Fer hún fram undir stjórn sveitarstjórnar og með umsjón heilbrigðisnefndar Reyðarfjarðarhrepps.

## 2. gr.

Sérhver húseigandi eða leigjandi í Reyðarfjarðarhreppi er skyldur að nota þær aðferðir og tæki við sorpgeymslu og hreinsun, sem sveitarstjórn ákveður og greiða þau gjöld, sem slíku fylgir, eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

## 3. gr.

Sorpið sem sett er í sorpilát, má vera allt venjulegt heimilissorp. Meðal sorps, sem ekki má setja í sorppoka, er mold, mól, grjót, mykja, byggingarsorp (tímur, múrblokkir) og stærri trjágreinar.

## 4. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim, þegar skipt er um poka. Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorppoka.

## 5. gr.

Pakka skal inn beittum og oddhvössum hlutum s. s. glerbrotum, áður en þeir eru settir í sorppokana.

## 6. gr.

Bannað er að setja eldfima vökva s. s. oliu og bensín í sorpilát, hvort sem er laust eða í umbúðum.

## 7. gr.

Kvörtunum vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til sveitarstjórnar.

## 8. gr.

Minnst einn sorppoki skal vera fyrir hverja fjölskyldu.

## 9. gr.

Hverjum íbúðareiganda ber að sjá til þess að alltaf sé til nóg af pokum, svo að þeir yfiryllist ekki milli tæminga.

## 10. gr.

Sorppokar eru afhentir við hverja tæmingu, en aðrar gerðir poka má ekki nota.

## 11. gr.

Sorppokarnir skulu vera í sorpskápum, sem sveitarstjórn hefur samþykkt, sorpskápar skulu vera á stöðum sem eru aðgengilegir fyrir sorphreinsunarmenn á lóð húss þess, sem þær tilheyra. Heimilt er að nota grindur í stað skápa þar sem sorpgeymsla er innanhúss. Hafa skal greiðfæran stíg ca. 90 cm. breiðan að sorpskáp. Sorpskápa eigendur verða að sjá um að hafa skápana í góðu ásigkomulagi og endurnýja þá ef þörf krefur.

## 12. gr.

Ef sorpið er svo mikið eða í því formi, að ekki hæfi viðurkenndum sorpilátum skal húseigandi annast sorphreinsun sjálfur eða senda inn beiðni þess efnis að sveitarfélagið annist hreinsunina gegn sérstöku gjaldi.

## 13. gr.

Mold, mól, grjót og svipað efni, sem ekki má setja í sorppoka, skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrir mælum sveitarstjórnar, sem gilda um þess konar efni.

## 14. gr.

Bílhrae, brotjárn og þess háttar hluti, skal flytja á afmarkað svæði sem sveitarstjórn ákveður.

## 15. gr.

Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka.

## 16. gr.

Fyrirferðamiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku skulu forráðamenn heimila og atvinnurekstrar koma á sorphreinsunartæki þegar sorphreinsun fer fram, eða í sorphaugstað skv. fyrirætlum sveitarstjórnar.

## 17. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er þó heimilt að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs áætlað kostnaðarverð þeirra sorppoka, sem viðkomandi fasteign eyðir á árinu.

## 18. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 100 000 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

## 19. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 5. desember 1979.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 175/1974 um Kennaraháskóla Íslands.**

## 1. gr.

3. mgr. 4 tl. B. 29. gr. orðist svo:

Í greinum námskjarnans, sbr. 1. tl. 5. gr., skal meðaltal einkunna af öllum námsárum eigi vera lægra en 5 í bóklegum greinum og list- og verk-greinum hvor-um fyrir sig og í einstökum greinum eigi lægra en 5 í íslensku og uppeldisgreinum og eigi lægra en 4 nema í einni grein af öðrum greinum námskjarnans.

## 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 6. desember 1979.*

**Vilmundur Gylfason.**

*Birgir Thorlacius.*